



Til forstöðumanns **Sundhallar Ísafjarðar**

Eins og flestum forsvaraðilum sundlauga er kunnugt fór Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra af stað með aðgengisverkefni í sumar sem var notendaúttekt á sundlaugum á svæði aðildarfélaganna m.t.t. aðgengis fyrir hreyfihamlaða. Heiti verkefnisins var: **Sundlaugar okkar ALLRA!** Og er það tilvísun til þeirrar staðreyndar að vegna margvíslegra aðgangshindrana eru fjölmargar sundlaugar landsins ekki allra, því miður. Ekki áttu öll aðildarfélög Sjálfsbjargar kost á því að taka þátt í verkefninu og ekki reyndist heldur raunhæft að taka út allar sundlaugar á starfssvæði félaganna sem þátt tóku.

En 24 sundlaugar voru teknar út og þar á meðal Sundhallar Ísafjarðar Niðurstöðurnar eru birtar á vefsíðu Sjálfsbjargar (www.sjalfsbjorg.is) og í excelskjali sjást niðurstaða allra sundlauganna 24 og þar á meðal sundlaugin þín. Þarna má bera sundlaugina saman við aðrar sundlaugar í verkefninu. Því miður sýna niðurstöðurnar allan skalann frá því að aðgengi er mjög gott niður í að sundlaugin er nær óaðgengileg hreyfihömluðu fólki.

Helstu atriðin er vekja athygli við úttekt á Sundhallar Ísafjarðar eru eftirfarandi:

- Í sp. # 1.9 Er hitalögn undir bílastæði fyrir fatlaða er svarið, nei.
- Í sp. # 3.1 Er þokkalegt aðgengi að afgreiðslu, er svarið nei.
- Í sp # 4 Er einhver hluti af sundlaugarþjónustunni á annarri hæð (enginn lyfta), er svarið já.
- Í sp. #5.11 Er búningsaðstaðan aðgengilega og nothæf fyrir hjólastólanotanda, er svarið nei.
- Í sp. #9.3.2 Er lyfta í heita potta, er svarið já.
- Í sp. #10.3 Er lyfta til að komast ofan í laugina, er svarið já.
- Í sp #10.3.2 Virkar hún (lyftan) er svarið nei.

Ýmislegt jákvætt er þó að finna varðandi aðgengi í sundlauginni. Endilega kynnið ykkur niðurstöðurnar og jafnframt skorum við á ykkur að gera áætlun um að betrumbæta það sem uppi vantar.

Ef einhverjar spurningar vakna eða ef ykkur vantar ráðleggingar á sviði aðgengismála hreyfihamlaðra endilega hafið samband við undirritaðan.

F.h. Sjálfsbjargar Ish.

Bergur Þorri Benjamínsson
formaður Sjálfsbjargar Ish.